

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um fækkun starfa.

1. *Hvað hefur störfum á hinum almenna vinnumarkaði fækkað mikið árin 2010, 2011 og 2012?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands sýna gögn Hagstofunnar fjölda starfandi á vinnumarkaði og byggja þær tölur á úrtaksrannsókn, svokallaðri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Fjöldi þeirra sem er starfandi gefur ekki endilega rétta mynd af fjölda starfa (stöðugilda) á markaði og er slíkur samanburður því varasamur. Auk þess er gögnum Hagstofunnar ekki skipt eftir almennum vinnumarkaði annars vegar og opinberum vinnumarkaði hins vegar heldur er notast við atvinnugreinaflokkun ÍSAT. Umbeðin sundurliðun er því ekki möguleg að svo stöddu.

2. *Hvað hefur störfum í opinbera geiranum fjölgað mikið 2010, 2011 og 2012, sundurliðað eftir:*

a. *ríkinu,*

b. *sveitarfélögum,*

c. *ríkisfyrirtækjum sem einkaaðilar koma að (ohf. og önnur slík félög)?*

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda stöðugilda hjá ríki annars vegar og sveitarfélögum hins vegar. Einhvern hluta fækkunar ríkisstarfsmanna má rekja til flutnings verkefna frá ríki til sveitarfélaga og vegur þar flutningur á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga árið 2010 sérstaklega þungt.

Ár	Ríki	Sveitarfélög
2010	17.746	19.242
2011	16.808	19.657
2012	16.727	19.621

Heimild: Fjársýsla ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Miðlægar upplýsingar varðandi c-lið, ríkisfyrirtæki sem einkaaðilar koma að, liggja ekki fyrir.

